

## Minnisblað, 2 febrúar 2022

**Til:** Rannveig Einarsdóttir

**Frá:** Íris Björk P. Kolbeins

**Dags.:** 01.02.2022

**Málsnúmer:**

**Efni:** Tímagjald NPA samninga

Tímagjald NPA samninga er þrenns konar og hefur hækkað miðað við hækkun launavísitölu um áramót. Miðað er við hækkun launavísitölu frá desember 2020 til desember 2021, þar sem launavísitala vegna janúar 2022 mun ekki liggja fyrir fyrr en um 20. febrúar.

Sveitarfélaginu hefur borist tímagjald NPA Miðstöðvarinnar miðað við nýgerða kjarasamninga félagsins og eru þeir tvískiptir, annars vegar vegna janúar til apríl og hins vegar vegna maí til desember. Frá 1. maí hækkar tímagjald þar sem tekið er tillit til styttingu vinnuvikunnar auk fjölgunar álagsþrepa í launatöflu.

<i>Tímagjald</i>	Tímar	Hfj 2022	NPA Miðst jan-apr	NPA Miðst maí-des
NPA án næturvakta	2.935,5	5.385	5.622	6.157
NPA með hvíldarvöktum	1.648,0	5.093	5.441	6.000
NPA án hvíldarvakta	3.172,0	5.589	5.963	6.717

<i>Samningsgreiðslur á mánuði</i>	Hfj 2022	NPA Miðst jan-apr	NPA Miðst maí-des
NPA án næturvakta	15.808.066	16.503.381	18.073.874
NPA með hvíldarvöktum	8.393.748	8.966.768	9.888.000
NPA án hvíldarvakta	17.728.296	18.914.636	21.306.324
<b>Samtals á mánuði</b>	<b>41.930.110</b>	<b>44.384.785</b>	<b>49.268.198</b>

Miðað við hækkun launavísitölu er heildarframlag til NPA samninga tæpar 42 mkr. Ef notast er við útreiknað tímagjald NPA Miðstöðvarinnar er heildarframlagið 2,4 mkr hærra á mánuði í janúar til apríl og 7,3 mkr hærra á mánuði frá maí til desember. Heildaráhrifin á ársgrundvelli vegna ársins 2022 eru því um 68,5 mkr.

Hafa ber í huga að ef tímagjald sveitarfélagsins er hækkað miðað við launavísitölu er ekki tekið tillit til styttingu vinnuvikunnar og fjölgunar álagsþrepa í launatöflu sem tekur gildi 1. maí 2022.

Íris Björk P. Kolbeins, 02.02.2022